



1553. stjórnarfundur

Frímenn Ari Ferdinandsson

Víkin

2.10.2013, kl. 11:30

1. Fundargerð 1552. fundar

Samþykkt.

2. Knattspyrnufélagið Víkingur

Formaður, framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi Víkings greindu frá helstu málum sem væru á döfinni hjá félaginu. Víkingar hafa verið að vinna að því að fá það land sem þeim var gefið á 100 ára afmæli félagsins viðurkennt í skipulagi sem svæði til íþróttaiðkunar. Mjög er orðið áriðandi að hefja viðhaldsframkvæmdir í Víkinni, klæðning er laus frá grind, þakrennur ryðgaðar í gegn og fleira. Víkingar taka við börnum úr skólunum á daginn en fá enga styrki. Þörf er á endurbótum á þeirri aðstöðu sem börnin hafa.

3. Aðildarumsókn Einherja

Aðild Einherja að ÍBR samþykkt.

4. Umsókn Sundráðs Reykjavíkur um styrk

SRR hefur sótt um styrk vegna námskeiða fyrir þjálfara sem þurfa nú að hafa laugavarðarpróf vegna breytinga á reglum um öryggi á sundstöðum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:45.

Frímenn Ari Ferdinandsson, fundarritari